

## SAMKEPPNISRÉTTARYFIRLÝSING SAMORKU SAMTAKA ORKU- OG VEITUFYRIRTÆKJA

### Inngangur

SAMORKA eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Samtökin starfa á fjórum fagsviðum, vatnsveitu-, hitaveitu-, fráveitu- og rafmagnsviði. Tilgangur samtakanna er meðal annars að vera málsvari orku- og veitufyrirtækja í samskiptum við opinbera aðila og aðrar atvinnugreinar. Það gera samtökin með upplýsingagjöf og fræðslu um orku- og veitugeirann og þátttöku í meðferð mála s.s. hjá Alþingi, ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

Aðildarfyrirtæki SAMORKU reka samfélagslega mikilvæga innviði, sem þjóna heimili og atvinnulífi um allt land og eru jafnframt forsenda fyrir virkni annarra innviða. Því er krafa um skilvirkni, viðbragðstíma og virkni kerfa allan sólarhringinn, alla daga ársins mjög eðlilegur þáttur í rekstrinum sem gerir samstarf um þessa samtengdu og samþættu innviði mjög mikilvægt.

Þegar rætt er um samstarf um fræðslu og þekkingarmiðlun og þátttöku aðildarfélaganna í málsvarahlutverki Samorku er vísað til atriða sem sannarlega falla utan bannákvæða samkeppnislaga.

Verkefni aðildarfyrirtækjanna eru annars vegar í sérleyfisstarfsemi, þ.e. vatnsveitur, rafveitur, hitaveitur og fráveitur, en hins vegar í samkeppnisrekstri, þ.e. raforkuframleiðenda og raforkusala.

### Samkeppnisréttaryfirlýsing

Til þess að tryggja fagleg og gegnsæ vinnubrögð í starfsemi SAMORKU og til þess að fyrirbyggja háttsemi sem brotið getur gegn ákvæðum samkeppnislaga setja samtökin sér verklag og viðmið sem fram koma í samkeppnisréttaryfirlýsingu þessari. Yfirlýsingin skal vera aðgengileg á heimasíðu SAMORKU og kynnt sérstaklega fyrir aðildarfyrirtækjunum í kjölfar samþykktar hennar og nýjum fyrirtækjum þegar þau koma inn í samtökin. Þá skal kynna yfirlýsinguna fyrir öllum fulltrúum aðildarfyrirtækjanna sem starfa á vettvangi SAMORKU sem og starfsmönnum samtakanna. Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna bera ábyrgð á því að kynning á yfirlýsingunni fari fram.

SAMORKA leggur ríka áherslu á að aðildarfyrirtæki í raforkuframleiðslu og raforkusölu ástundi öfluga og sanngjarna samkeppni, virði í hvívetna ákvæði samkeppnislaga og aðhafist ekkert sem raskað getur samkeppni á markaði. Með sama hætti þurfa samtökin sjálf að hafa sívakandi eftirfylgni með virkni samkeppnislaga gagnvart eigin starfsemi. Þá er mikilvægt að fyrirtæki í

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HrH", "SLS", "GAG", "KJA", "BR", and "SPH".

sérleyfisstarfssemi taki fullt tillit til ákvæða samkeppnislaga í sínum rekstri ekki síst með tillit til samþættrar starfssemi í tengslum samstæður dóttur- og móðurfélaga þar sem félög eru í samkeppnisrekstri en önnur í sérleyfisstarfssemi.

Með virkri samkeppni er stuðlað að hagkvæmri nýtingu allra framleiðsluþátta þjóðfélagsins til ábata fyrir neytendur, atvinnulíf og samfélagið í heild sinni. Með samkeppnislögum eru settar leikreglur fyrir atvinnulífið með það að markmiði að efla virka samkeppni og vinna gegn viðskipta-háttum sem koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni. SAMORKA og aðildarfyrirtæki samtakanna vilja vinna að þessum markmiðum og virða í hvívetna ákvæði samkeppnislaga.

Með ákvæðum samkeppnislaga er heimilt að taka upp formlegt samstarf fyrirtækja og samtaka fyrirtækja um afmörkuð verkefni sem annars falla undir bannákvæði þeirra ef þau (a) stuðla að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efla tækilegar og efnahagslegar framfarir, (b) veita neytendum sanngjarnan hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst, (c) leggja ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði ná og (d) veita fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hlut framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða. Taki aðildarfyrirtækin ákvörðun um samstarf á þessum grunni á vettvangi Samorku skal fara fram formlegt sjálfsmat á verkefninu þar sem farið er yfir hvort framangreind skilyrði eru uppfyllt.

Verði aðildarfyrirtækin og starfsmenn þeirra eða samtakanna uppvísir að því að brjóta gegn samkeppnislögum í störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi fylgir því ábyrgð samkvæmt samkeppnislögum, þar með talin refsíábyrgð.

SAMORKA áréttar að allt starf á vettvangi samtakanna hvort heldur er í stjórn, nefndum, ráðum, vinnuhópum eða á skrifstofu samtakanna skal framkvæmt í anda samkeppnislaga. Tekur þetta einnig til þeirra ráðgjafa og verkefnisstjóra sem vinna fyrir samtökin.

Þá skal öll stefnumótun og áætlunargerð taka mið af skyldum og fyrimælum samkeppnislaga. Stjórn og framkvæmdastjóri skulu í störfum sínum tryggja stöðuga eftirfylgni með virkni samkeppnislaga með reglubundinni kynningu á skyldum sem hvíla á fyrirtækjunum á grundvelli samkeppnislaga og rýni á starfsemi samtakanna. Reglulega skal fara fram mat á samkeppnisréttarlegum áhættum í starfi samtakanna, sér í lagi þar sem aðildarfyrirtæki í samkeppnisrekstri eiga samstarf s.s. í nefndum, ráðum og hópum innan samtakanna. Með sama hætti skulu aðildarfélög í sérleyfisrekstri gæta að kröfum samkeppnislaga og þá sérstaklega með tilliti til dótturfélaga sem eru í samkeppnisrekstri.

## Aðild að SAMORKU

Samkvæmt lögum SAMORKU geta aðilar orðið þau fyrirtæki sem annast vinnslu, flutning, dreifingu eða sölu á raforku, heitu vatni, hitaorku, neysluvatni eða starfsemi fráveitu. Ferli á inntöku nýrra félaga skal vera gegnsætt, málefnalegt og hlutlaust. Skal öllum sem uppfylla skilyrði heimil innganga í samtökin enda hafi viðkomandi sótt um aðild og greitt tilskilin aðildargjöld.

## Samskipti og upplýsingamiðlun

SAMORKA er málsvari orku- og veitufyrirtækja og vinnur að því að þau búi við góð rekstrarskilyrði í víðum skilningi þess orðs. Samtökin eru vettvangur aðildarfyrirtækjanna til þess að miðla fræðslu og þekkingu á góðum starfs- og rekstrarháttum er stuðlað geti að skilvirkni og eftl tæknilegar og efnahagslegar framfarir á sviði fyrirtækjanna. Viðurkennt er að slíkt hlutverk málsvara er ekki andstætt samkeppnislögum og markmiðum þeirra og beinlínis gert ráð fyrir þeim möguleika að þar fari saman hagsmunir fyrirtækjanna og viðskiptavina þeirra. Mikilvægt er engu að síður að fyrirtækin séu meðvituð um mörkin gagnvart samkeppnisþáttum fyrirtækjanna og þar með lögð áhersla á að starfið sé gegnsætt og ávallt fari fram mat á því hvort samstarf eða upplýsingamiðlun kunni að brjóta í bága við ákvæði samkeppnislaga.

Í skilningi samkeppnislaga er litið á samskipti á vettvangi samtaka fyrirtækja með sambærilegum hætti og öll önnur samskipti. Því skal tryggt að samskiptin feli aldrei í sér tilvísun til verðs, verðlagningarþátta, álagningar, afsláttar eða annarra viðskiptakjara. Þá mega samskiptin aldrei vera um takmörkun eða stýringu á framleiðslu, tilboðsgerð þegar viðskiptavinir óska tilboða við raforkukaup eða aðra þjónustu sem fellur undir samkeppnishluta aðildarfélaganna. Þá mega samskiptin ekki fjalla um skipti á mörkuðum eða viðskiptavinahópum, eða um bindandi endursöluverð á vöru eða þjónustu né annað sem eðli málsins samkvæmt á að fara leynt milli samkeppnisaðila.

Við öflun og miðlun upplýsinga á vettvangi SAMORKU skal gæta trúnaðar og tryggja að viðkvæmar og sérgreinanlegar upplýsingar á samkeppnissviði einstakra fyrirtækja geti ekki borist í hendur annarra aðildarfyrirtækja eða þriðja aðila. Við upplýsingamiðlun á opinberum vettvangi hvort heldur í ræðu eða riti skal ávallt gæta þess að ekki sé miðlað upplýsingum um viðskipti, viðskiptahætti eða markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja.

## Vinnureglur, hlutverkalýsing og fræðsla

Stjórn SAMORKU skal í vinnureglum sínum leggja sérstaka áherslu á samkeppnisréttaryfirlýsingu þessa og taka tillit hennar í störfum sínum. Þá skal í hlutverkalýsingum allra ráða, nefnda og hópa á vegum samtakanna vera sérstakt ákvæði um samkeppnisréttarmál og leggja þar áherslu á skyldur starfsmanna SAMORKU og aðildarfyrirtækjanna gagnvart samkeppnislögum.

Framkvæmdastjóri SAMORKU skal hlutast til um að starfsmönnum samtakanna og þeim sem á hverjum tíma starfa í stjórn, nefndum, ráðum og hópum fyrir samtökin sé vísað á viðeigandi fræðsluefni um kröfur samkeppnislaga með tilliti til samkeppnisþátta. Jafnframt skal hvetja til og ýta undir gagnrýna hugsun í störfum allra þeirra sem vinna fyrir samtökin og þar með mat á umfjöllunarefnum með tilliti til krafna samkeppnislaga.

Samþykkt af stjórn SAMORKU þann 4. nóvember 2021

(Upphaflega frá 6. mars 2018)

Áritun stjórnar:

Beygvinur Rann Ólafsson

Stjórn SAMORKU

Helgi Johannsson

Árntón Árneldsson

Gunnar Hrafn Gunnarsson

Sigurður Þór Haraldsson

Hretra Hallgrímsdóttir

Steinn Leo Sveinsson